



2. formannafundur Aftureldingar 8. júní 2011

Fundur settur kl. 17:20

Mætt frá deildum: **Handbolti:** Óskar Vídalín ; **Fótbolti:** Kolbrún Þorsteinsdóttir ; **Blak:** Guðrún Kristín Einarisdóttir; **Frjálssar:** Hlynur Guðmundsson, Ólafur Ingi Óskarsson; **Badminton:** Stefán A. Stefánsson; **Fimleikar:** Eva Magnúsdóttir, Brynja Jónsdóttir ; **Taekwondo:** Ellen Rut Ingimundardóttir, Jón Guðmundsson ; **Karate:** Andrea M. Jónsdóttir.

Mætt frá aðalstjórn UMFA: Sævar Kristinsson, Guðjón Helgason, Anna Sigríður Guðnadóttir, Kristín Reynisdóttir og Helga Jóhannesdóttir. Ásmundur Pálsson og Hekla Klemenzdóttir höfðu boðað forföll. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

Aðstöðumál

1. Aðstöðumál.

Brynjar og Sævar kynntu fyrir formönnum þá vinnu sem hefur verið í gangi varðandi aðstöðumál frá síðasta formannafundi. Sagt frá fundi formanns og framkvæmdastjóra með bæjarstjóra og farið yfir þau gögn sem þar voru kynnt varðandi aðstöðu einstakra deilda og mögulegar lausnir sem aðalstjórn sér á þeim vanda sem við er að glíma. Sævar lagði áherslu á að félagið sem heild fylki sér að baki aðalstjórn í þessari vinnu og nauðsynlegt sé fyrir aðalstjórn að hafa vissu fyrir því að allir séu sammála um þá stefnu sem unnið er eftir í aðstöðumálum.

Óskaði formaður eftir því að viðstaddir formenn segðu í stuttu máli frá aðstöðu sinna deilda svo gagnkvæm þekking á aðstöðumálum skapaðist. Einnig óskaði hann eftir því að í seinni umferð gæfu formenn upp afstöðu sína til þeirra lausna sem kynntar voru og aðalstjórn vinnur að.

Umræða:

Knattspyrna, helsti vandinn snýr að yngstu flokkunum. Brýn nauðsyn sé á að fá a.m.k. einn innitíma upp í 5. flokk. Veðráttu vetrarins hefur komið illa við knattspyrnudeild og bitnað helst á yngri flokkum stelpna. Þar hafa orðið þó nokkur afföll. Mfl. báðir hafa líka væntingar um að komast inn amk einu sinni í viku.

Frjálssar íþróttir, vantar alla inniaðstöðu, leigja eina æfingu í viku í Laugardal, tvöfaldan tíma. Útiaðstaðan er alls ófullnægjandi. Hefur ekki verið haldið við, ónýtar brautir o. s.frv. Frjálssíþróttasambandið flokkar aðstöðuna sem ónothæfa. Búnaður er að grotna niður,

engin tímatökutæki, þarf að leigja af öðrum. Deildin missa eldri iðkendur vegna aðstöðuleysis. Mikill vandi í vetur með föstudagstíma fyrir yngstu krakkana, boðinn tími kl. 19 sem er allt of seint.

Fimleikadeild segjast hafa verstu fimleikaaðstöðu landsins. Leigja aðstöðu hjá Ármanni fyrir börn sem eru að keppa. Ekkert framundan hjá þeim ef ekkert gerist í aðstöðumálum hjá Aftureldingu þá fara þessir krakkar í haust. Líklega um 30 börn. Mikil slyshætta er vegna t.d. kulda í salnum. Yfirþjálfarinn segi það. Og einnig vantar dýnur gífurleg slyshætta.

Badmintondeild, vantar helst fleiri tíma og láta tímana falla betur saman. Allir aldursflokkar þyrftu fleiri tíma.

Blakdeild, flottasta aðstaðan á landinu! Er að fá 5 landsliðsmanneskjur til liðs við deildina og mjög öflug þjálfara. Verða með lið í 1.-4. deild. Eina sem vantar eru fleiri tímar. Allt barnastarf hefur verið í Lágafelli en þau vilja gjarnan fá börnin að Varmá. Segir blakið þurfa að fara upp ef handboltinn fer niður og það sé allt í fína frá þeirra bæjardyrum.

Karatedeild, aðstöðuleysið mikið, deila litlum sal með Taekwondo, ekki löglegur völlur í rýminu. Þrif séu í algjörum ólestri!

Handboltadeild, HSÍ og félagin í 1. deild hafa kvartað mikið yfir aðstöðunni. Gólfið veldur líka miklum meiðslum. Sjórnvarpið kemur ekki vegna aðstöðuleysis. Styrktaraðilinn ekki lukkulegur með að aldrei séu upptökur í sjónvarpinu. Í vetur var einn tími í viku fyrir 2. flokk karla. Samstarf við Fjölni með 2. fl. og mfl. kvk. Það samstarf verður ekki áfram, stelpurnar úr Fjölni vilja koma hingað. Vantar þ.a.l. tíma fyrir mfl. kvk. og 2. fl kk. Strákar úr 2. flokki sem ekki hafa fengið tækifæri með mfl hafa farið í burtu. Búið að sækja um keppnisleyfi fyrir mfl kvk með fyrirvara um að aðstaðan verði fyrir hendi. Einnig vantar 4-6 lögleg mörk fyrir 6.-7. flokk.

Taekwondodeild, svipað og karate, vandamálið er þrif. Líka er verið að eyðileggja dýnurnar. Ekki hægt að stækka deildina þar sem aðstaðan leyfir það ekki og alls ekki má fækka tímum. 10 af 20 krakkasætum í landsliði. Landsliðsþjálfarinn starfa hjá deildinni. Vantar betri aðstöðu.

Formaður það þessu næst formenn að svara því hvort aðalstjórn hefði stuðning formannafundar í þeirri aðstöðuvinnu sem í gangi er. Það er að útvega fimleikum og bardagadeildum aðstöðu í annarri byggingu í bænum og flytja blakið frá Lágafelli og að Varmá. Þessi framkvæmd myndi þýða að það rýmkaði aðeins á Varmá en að framkvæmdir við marglofað og gefið anddyri við Varmá frestuðust um einhvern tíma.

Knattspyrnan: Samþykkt

Frjálsar: Samþykkt

Fimleikar: Samþykkt

Badminton: Samþykkt

Blak: Samþykkt

Karate: Samþykkt

Handbolti: Samþykkt

Taekwondo: Samþykkt

Í umræðum kom fram að aðstaða félagsins í heild sé greinilega óviðunandi og komi niður á starfi allra deilda. Þær deildir sem áætlað er að samnýti aðstöðu í nýju húsi, ef af verður, komi allar að því að skipuleggja nýtingu húsnæðisins. Einnig var rætt að mikilvægt væri að félagið færi yfir sameiginlega forgangsröðun og setti fram áætlun til næstu ára um uppbyggingu sem síðan yrði rædd við bæinn. Rætt var nokkuð um ástæður þess að hlutfallslega fá börn miðað við sveitarfélögin í kring iðki íþróttir hjá Aftureldingu og að þau sem hætti í einni deild skili sér ekki nógu vel inn í aðrar íþróttir og kom þar helst fram að aðstaðan spilaði þar nokkurt hlutverk sem og að frístundaávísunin hafi verið lækkuð og væri nokkuð lægri en í sveitarfélögum í nágrenninu.

2. Önnur mál

Framkvæmdastjóri sendir upplýsingar út til deilda um Adidas skósamninginn.

Fleira ekki gert. **Fundi slitið 18:47**

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir, ritari

Fylgiskjal

Til upplýsinga fylgja hér tölulegar upplýsingar um iðkendafjölda **31.12.2010** en formaður nefndi nokkrar þeirra í sínu máli.

Yngri iðkendur eru 18 ára og yngri.

Samtals:	Yngri	Eldri
Badminton	70	8
Blak	45	62
Fimleikar	144	
Frjálsar	41	4
Handbolti	176	54
Knattspyrna	401	90
Karate	50	7
Karfa	38	
Sund	61	
Taekwondo	44	10
Iðkendur samtals:	1070	235
Íbúar Mosó 3-18 ára		
alls:	1.992	
Hlutfall iðkenda	54%	